



Fjölskyldan þakkar innilega auðsýnda samúð og vináttu og bíður viðstöddum að þiggja veitingar í Hvalstöðinni (áður Þyrill) að athöfn lokinni. Jarðsett verður í Saurbæjarkirkjugarði.

Prestur: Sr. Þóra Björg Sigurðardóttir

Organisti: Sigurður Helgi

Tónlist: Tindatrío, Atli Guðlaugsson, Guðlaugur Atlason og Bjarni Atlason.

Fiðluleikur: Matthías Stefánsson

Gítarleikur: Baldur Þór Ketilsson

Einsöngur: Ásta Marý Stefánsdóttir

Umsjón útfarar: Borg útfararþjónusta

Sálmaskrá: Leturstofan



Guðmundur Gíslason

f. 5. apríl 1965 - d. 4. október 2025



*Útför frá Hallgrímskirkju í Saurbæ, Hvalfjarðarströnd
24. október 2025*

Forspil

Air on G string

Johann Sebastian Bach

Bæn

Time to say goodbye

Francesco Sartori / Frank Peterson / Lucio Quarantotto

Ritningarorð

Faðir

Jónas Sigurðsson

Jörðin geymir sögur
af fólki sem áður lifði hér
Moldin geymir sporin þeirra
þar hvílir þú og þar enda ég

Þú
Sem lifðir
og tókst eftir öllu
sem hrærðist
í heiminum
og mér

Þú
sem sagðir
með augum þínum orðin
það skein úr þínu hjarta
þú trúðir á eitthvað í mér

Eins og
faðir
Í hjarta mínu er tregi
Ég vil halda fast í allt eins og það er
Og á sumarbjörtum degi
ég fyllist ennþá sorg að geta ekki lengur
heyrð í þér

En í dag
Ég ætla dvelja í þessum degi
Ég ætla að læra að elska
manninn sem ég er
Því á endanum er ég einn á þessum vegi
og allar minningarnar munu gleymast
með mér

Þú...

Ritningarorð

Minning

Bob Dylan / Ingibjörg Gunnarsdóttir

Sumir hverfa fljótt úr heimi hér
skrítið stundum hvernig lífið er,
eftir sitja margar minningar
þakklæti og trú.

Þegar eitthvað virðist þjaka mig
þarf ég bara að sitja og hugsa um þig,
þá er eins og losni úr læðingi
lausnir öllu við.

Þó ég fái ekki að snerta þig
veit ég samt að þú ert hér,
og ég veit að þú munt elska mig
geyma mig og gæta hjá þér.

Og þó ég fengi ekki að þekkja þig
þú virðist alltaf getað huggað mig
það er eins og þú sért hér hjá mér
og leiðir mig um veg.

Þó ég fái ekki að snerta þig
veit ég samt að þú ert hér,
og ég veit að þú munt elska mig
geyma mig og gæta hjá þér.

Og þegar tími minn á jörðu hér,
liðinn er þá er ég burtu fer,
þá ég veit að þú munt vísa veg
og taka á móti mér.

Guðspjall

Minn ástarengill

Þórunn Erna Clausen / Guðrún Árný Karlsdóttir

Minningarorð

My way

Claude François / Jacques Revaux / Gilles Thibault / Paul Anka



Bæn - Faðir vor

Leiðin okkar allra

Þorsteinn Einarsson / Einar Georg Einarsson

Ég ætla mér, út að halda,
örlögin valda því.
Mörgum á ég, greiða að gjalda,
það er gömul saga og ný.

Eitt lítið knús, elsku mamma
áður en ég fer.
Nú er ég kominn til að kveðja,
ég kem aldrei framar hér.

Guð einn veit, hvert leið mín liggur.
Lífið svo flókið er.
Oft ég er, í hjarta hryggur
en ég harka samt af mér.

Er mánaljósið, fegrar fjöllin
ég feta veginn minn.
Dýrnar opnar draumahöllin
og dregur mig þar inn.

Ég þakkir sendi, sendi öllum,
þetta er kveðja mín.
Ég mun ganga á þessum vegi
uns lífsins dagur dvín.

Moldun

Nú legg ég augun aftur / Ég fel í forsjá þína

P.C. Krassing / Sveinbjörn Egilsson / Matthías Jochumsson

Nú legg ég augun aftur,
ó, Guð, þinn náðarkraftur
mín veri vörn í nótt.
Æ, virst mig að þér taka,
mér yfir láttu vaka
þinn engil, svo ég sofi rótt.

Ég fel í forsjá þína,
Guð faðir, sálu mína,
því nú er komin nótt.
Um ljósið lát mig dreyma
og ljúfa engla geyma
öll börnin þín, svo blundi rótt.

Blessun

Eftirspil

Græna torfan

Egill Ólafsson / Eggert Þorleifsson / Þórður Árnason